

## Sambandsfundir.

Félagar í FN byrjuðu að leita sambanda við íbúa annarra hnatta og framliðna á sjöunda áratug síðustu aldar.

Tilraunir voru gerðar með stafaborði, en fljótlega komu miðilshæfileikar í ljós hjá sumum félögum.

Síðan hafa reglulega verið haldnir sambandsfundir ( miðilsfundir ) á vegum félagsins.

Sambandsfundur er alltaf tilraun og aldrei er hægt að vita fyrir fund, hvort tilraunin heppnist.

Árangur sambandsfunda hefur verið mjög mismunandi í gegnum sögu félagsins, en á árunum 1970-1995 voru starfandi margir miðlar hjá félaginu og árangur mjög hvetjandi.

Eru til upptökur af mörgum sambandsfundum félagsins og sérstaklega núna á síðustu 20 árum.

Sambandsfundir okkar eru í mjög föstum skorðum í dag. Í byrjun fundar kemur í sambandið læknirinn Níels Dungal og er hann í forsvari fyrir læknaþóp á annarri jörð sem tekur á móti beiðnum til hjálpar einstaklingum sem þurfa aðstoð við.

Eftir þetta fyrsta samband, koma önnur og vitum við aldrei fyrir, hvaða sambönd við fáum, en venjulega koma svona 6 til 7 sambönd á hverjum fundi.

Þessi sambönd er mjög mismunandi og geta verið við ný flutta einstaklinga eða við einstaklinga sem þjuggu á jörðinni fyrir löngu eða fyrir öldum eða árpúsundum.

Einnig höfum við fengið sambönd við einstaklinga sem aldrei hafa búið á jörðinni, heldur hafa átt frumlíf á annarri jörð, en oftast er um einstakling að ræða sem hafði lifað á okkar jörð.

Í gegnum tíðina höfum við fengið mjög merkileg sambönd og er full ástæða að koma þeim mörgum á framfæri við almenning.